



3. - 4. mars 2012  
Reykjanesbæ



REYKJANESBÆR



# Nettómótið 2012



## Velkomin á Nettómótið 2012 helgina 3. og 4. mars í Reykjanesbæ.

Enn á ný sló þátttakan öll met í fyrra þegar ríflega 1.200 keppendur mættu til leiks frá 24 félögum og mynduðu 188 keppnislið sem léku 447 leiki á 13 völlum í 5 þróttahúsum. Þessi aukning kallaði óhjákvæmilega á lengri dagskrá en áður og nokkuð ljóst að þarna náði mótið þeirri hámarksstærð sem er félögunum viðráðanleg miðað við óbreytt mótahald.

Nettómótið 2012 mun áfram leitast við að halda sömu gæðum og áður. Þar verður ekkert slegið af og þegar dagskráin byrjar að rúlla er mótið stöðugt ævintýri þar til blásið er til heimferðar á sunnudegi. Foreldrar og aðstandendur eru hvattir til að láta ekki sitt eftir liggja, enda er mótið bæði körfubolta- og fjölskylduhátíð þar sem allir eru sigurvegarar. Markmið mótshaldara líkt og ávallt er að gestir haldi heim sælir og glaðir með góðar minningar frá Nettómótinu. Við munum kappkosta að uppfylla væntingar til helgarinnar og minnum alla á að setja góða skapið og leikgleðina efst á listann líkt og áður.

Verið hjartanlega velkomin til Reykjanesbæjar og góða skemmtun um helgina.

## Með körfuboltakveðju



Barna- og unglingaráð



REYKJANESBÆR  
reykjanesaer.is

### Nettómótið 2012

- Útgefandi: Karfa N, hagsmunafélag barna- og unglingaráða körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.
- Ritstjóri og ábm: Jón Ben Einarsson • Myndir: Skúli Sigurðsson • Útlit og umbrot: Víkurfréttir
- Upplag: 4.000 eintök • Heimasíða: www.nettomot.blog.is

# Betri þjónusta í Vörðunni

**Varðan er vildarþjónusta** fyrir viðskiptavinum Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuragjöf á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is), í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



# Dagskrá mótsins

SÍDASTI  
SKRÁNINGARDAGUR  
ER 24. FEBRÚAR

## Laugardagur:

07:30	Móttaka liða hefst í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
08:00	Leikir hefjast á öllum völlum
09:00	Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar
10:00	Bíósýningar hefjast og Skessan opnar hellinn
11:00 - 14:00	Hádegisverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
12:30	Innileikjagarðurinn Ásbrú opnar
18:00 - 20:00	Kvöldverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
20:30 - 21:30	Kvöldvaka í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
21:30 - 22:30	Kvöldkaffi fyrir foreldra í Félagsheimilinu við Sunnubraut
21:45	Kvöldhressing á gististöðum

## Sunnudagur:

07:00 - 09:00	Morgunverður á gististöðum fyrir næturgesti
08:00	Leikir hefjast að nýju
09:00	Bíósýningar hefjast og leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar
11:00 - 14:00	Pizzuveisla Langbest í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
15:00	Verðlaunaafhending og mótsslit - Íþróttahúsið við Sunnubraut

ATH. Tímasetningar geta breyst, fer eftir fjölda þátttakenda



**HÚSAMÍÐJAN**

**ÓSKUM ÞÁTTTAKENDUM  
GÓÐRAR SKEMMTUNAR  
UM HELGINA**

### TILBOÐ 1

Barnaís  
kr. 150,-

### TILBOÐ 2

2 pizzusneiðar  
og 1/2L. kók  
500,-

### TILBOÐ 3

Samloka m/skinku  
og osti og 1/2L. kók  
kr. 450,-

## 50% AFSLÁTTUR

af stærsta nammibar á Suðurnesjum.  
**ALLA HELGINA!** 119 sælgætistegundir.



Tilboðin gilda meðan á mótinu stendur, 3. - 4. mars 2012

Hafnargata 6 - 230 Keflavík - S:421 1544



# Úrvals afþreying er á mótinu fyrir alla fjölskylduna

**Sundferð:** Vatnaveröld-fjölskyldusundlaug verður opin frá kl. 8.00-18.00 alla helgina. Krakkar á grunnskólaaldri fá frítt í sund.



**Bíóferð:** Allir keppendur og liðstjórar skella sér í Sambíóin. Fyrir krakka 8 til 11 ára verður sýnd glæný ævintýramynd, **Journey 2, The Mysterious Island**. Fyrir krakka 6 og 7 ára verður sýnd teiknimyndin **Sígvélaði kötturinn (Puss in Boots)** sem hæfir einkar vel þeim aldurshópi.

**Kvöldvaka:** Kvöldvakan verður bara skemmtileg eins og venjulega. Þekktir skemmtikraftar koma í heimsókn og helstu troðslukappar landsins mæta til leiks. Munið fjörið á fyrri mótum. Kvöldvakan hefst kl. 20.30.

**Foreldrakaffi:** Öllum foreldrum verður boðið í kvöldkaffi og skemmtilegan fyrirlestur eftir kvöldvökuna á laugardagskvöldinu.


**Reykjaneshöll:** Það verður stanslaust fjör í höllinni báða keppnisdagana. Á laugardag verður opið frá kl. 9:00 til 19:00 og á sunnudag frá 09:00 til 13:00. Hoppukastalinn svakalegi, boltar o.fl. á þessu 7.840 m<sup>2</sup> leiksvæði.

**Innileikjagarðurinn:** Innileikjagarðurinn á Ásbrú er sérstaklega hentugur fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára. Á laugardag verður innileikjagarðurinn opin frá kl. 12:30 til 17:30 og á sunnudag frá 14.30-16.30.

**Skessan í hellinum** opnar kl. 10.00 og lokar kl. 17.00 báða dagana.

**Víkingaheimar** verða opnir 12.00-17.00 báða dagana.

**Duushús**, menningar og listamiðstöð Reykjaneshæjar opna 13.00-17.00 báða dagana.



**ÖRYGGIS  
MIÐSTÖÐIN**



**Egils**

# Enginn verður svangur á Nettómótinu

Innifalið í mótsgjaldi fyrir keppendur og liðsstjóra:

## Laugardagur:

Hádegisverður í Fjölbautaskóla Suðurnesja

- Pasta og brauð

Kvöldverður í Fjölbautaskóla Suðurnesja

- Kjötbollurnar sívinsælu með tilheyrandi meðlæti

Kvöldkaffi í matsal á gististöðum

- Skúffukaka frá Sigurjóni bakara og drykkur með

## Sunnudagur:


Morgunverður í matsal á gististöðum

- Morgunkorn, súrmjólk, samloka og drykkur

Hádegisverður í Fjölbautaskóla Suðurnesja

- Pizzuveisla frá

**langbest**  
PIZZERIA • STEIKHÚS • KAFFIBAR

Sjoppur eru á öllum keppnisstöðum þar sem hægt er að kaupa samlokur, svaladrykki og margt fleira. Rjúkandi kaffi frá  og bakkelsi með verður til sölu fyrir pabba og mömmu.

TE & KAFFI

Hvort sem þú ert að leika körfubolta eða virkja jarðhita, þá er það liðsheildin sem skapar árangur!

ÓSKUM KEPPENDUM  
GÓÐS GENGIS Á  
MÓTINU



HS Orka hf

www.hsorka.is • hs@hs.is



 **svoogott™**


www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM • HAFNARFIRÐI  
KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI



*Nótt á Nettómótinu  
verður hvergi notalegri*

Mótstilboð með morgunverði  
fyrir mömmur & pabba á [www.kef.is](http://www.kef.is)



Vatnsnesvegji 12-14, Keflavík, s. 420 7000

# Ágætu mótsgestir

## Ég býð ykkur velkomin til Reykjanesbæjar.

Nettomótið á síðasta ári sló öll þátttökumet og í ár er gert ráð fyrir álíka fjölda og árið 2011. Reykjanesbær býr svo vel að hafa til reiðu fjölda íþróttasala til að taka á móti öllum þessum fjölda keppenda, en auðvitað eru takmörk á því hvað þessir salir taka marga leiki á einni og sömu helginni. En ég er þess fullviss að félögin okkar munu reyna að koma eins mörgum liðum að mótinu og hægt er, en gæta þess um leið að gæði mótsins haldist nú sem hingað til.

Þetta körfuboltamót hefur þá sérstöðu að þar er ekki spilað til sigurs, þ.e. stigin eru ekki talin og allir þátttakendur fá viðurkenningarpening fyrir að mæta á mótið. Nokkur umræða hefur orðið að undanförunu um það hvort þetta fyrirkomulag er heppilegt fyrir ungt íþróttafólk og þá eru dregin fram þau rök að það sé nauðsynlegt fyrir alla þá sem keppa í íþróttum að læra að taka ósigri jafnt sem sigri. Ekki ætla ég að taka afstöðu í þeirri rökraðu, en veit af eigin reynslu að það er óborganlegt að sjá unga körfuboltaðkendur á þessu móti geislandi af leikgleði. Þessi leikgleði er undirstaða þess að börnin okkar vilji halda áfram að æfa íþróttir.

Reykjanesbær hefur á undanförunum áratugum sýnt metnað í því að reisa góð og hentug íþróttamannvirki. Slík mannvirki eru jú umgjörðin og grundvöllur þess að halda stórmót eins og Nettómótið. En aðeins með gríðarlegri sjálfboðavinnu og samvinnu körfuknattleiksdeilda UMFN og Keflavíkur tekst að halda þetta mót eins vel og raun ber vitni. Fyrir þá samvinnu og fórfýsi erum við íbúar Reykjanesbæjar afar þakklátir.

Um leið og ég vona og veit að þið eigið eftir að njóta helgarinnar hér og allt sem þetta mót hefur upp á að bjóða hvet ég þig ágæti mótsgestur til að litast um og skoða bæinn okkar og kynna þér þá fjölbreyttu þjónustu sem við bjóðum fjölskyldufólki.

Svo langar mig að minna á okkar árlegu Ljósanótt í byrjun septembermánaðar. Þá blómstrar menningin og mannlífið hér sem aldrei fyrr.

Ég vona að þið eigið hér ánægjulega dvöl og njótið körfuboltamótsins, þar sem hinn sanni íþróttandi ríkir fyrst og fremst.

## Góða skemmtun á Nettómótinu 2012

Árni Sigfússon, bæjarstjóri



REYKJANESBÆR  
reykjanesbaer.is



### KJÚKLINGABORGARA TILBOD

KJÚKLINGABORGARI,  
OG 0,5L COKE



### OSTBORGARATILBOD

OSTBORGARI,  
OG 0,5L COKE



### PYLSUTILBOD

SS PYLSA  
OG 0,5L COKE



### LANGLOKUTILBOD

LANGLOKA MED  
SKINKLU, PEPPERONI  
OSTI, OSTASÖSJU  
OG 0,5L COKE



### SAMLOKUTILBOD

SAMLOKA  
OG 0,5L COKE



**BARNAÍS Á 150 KR.**  
**FYRIR KEPPENDUR**  
**Á NETTÓMÓTINU**



# BIDSKÝLID

## NJARÐVÍK



## Skessan í hellinum

Skessan hefur komið sér vel fyrir í helli við smábátahöfnina í Keflavík. Skessunni þykir gaman að fá krakka í heimsókn og fá bréf frá krökkum sem hún reynir að svara eftir bestu getu.

Sjá nánar á [skessan.is](http://skessan.is)



Opið lau. og sun.  
kl. 10:00 - 17:00



## Duushús

Duushús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar.

Þar má sjá bátasafn Gríms Karlssonar, sýningar byggðasafnsins og listasafnsins, og elsta bíósal landsins.

Opið lau. og sun.  
kl. 13:00-17:00



## Víkingaheimar

Komið og sjáið víkingaskipið Íslending, klæðist víkingafötum á staðnum og upplifið stemninguna. Ókeypis fyrir börn og helmings afsláttur fyrir foreldra.

Opið lau. og sun.  
kl. 12:00 - 17:00



## Vatnaveröld - fjölskyldusundlaug

Í Vatnaveröld eru fjölbreytt leiktæki fyrir yngstu kynslóðina, kastalar, rennibrautir, sveppir og selir. Vatnið er upphitað og þægilegt fyrir lítil kríli.

Krakkar á grunnskóla-aldri fá frítt í sund.

Opið lau. og sun.  
kl. 08:00 – 18:00



- 1 Heiðarskóli**  
Vellir 9 og 10  
Svefnaðstaða
- 2 Íþróttahús/Vatnaveröld  
Holtaskóli/Fjölbrautaskóli  
Suðurnesja**  
Vellir 1 og 6  
Kvöldvaka  
Mötuneyti  
Svefnaðstaða  
Mótttaka liða
- 3 Njarðvíkurskóli**  
Vellir 7 og 8  
Svefnaðstaða

- 4 Íþróttahúsið Ásbrú**  
Vellir 11 og 12
- 5 Akurskóli**  
Völlur 13
- 6 Reykjaneshöll**  
Hoppukastali  
Leiksvæði
- 7 Myllubakkaskóli**  
Svefnaðstaða
- 8 Innileikjagarðurinn  
Ásbrú**



REYKJANESBÆR  
reykjanesbaer.is



Vikingaheimar

Reykjanesbraut

Reykjanesbraut

Ásbrú

LANGBEST

4

8

NJARÐVÍKURHÖFN

KEFLAVÍKURHÖFN

Skessuhellir

DUUS HÚS  
REYKJANESBÆR

Samkaup  
strax

Hólmgarður

SIGURJÓNS  
BAKARÍ

KASKO

LANGBEST

KFC

netto  
Ódýrt fyrir heimilinn

BIÐSKYLID

ERTU  
SVANGUR/  
SVÖNG?



langbest  
PIZZERÍA • STEKJÓR • SMITTIBAK



OLSEN OLSEN  
BÚÐIÐ  
HÓLMGARÐUR 11 • ÁFFRANNA • Sími 491 2151

Biðskýlið



Hólmgarði 2



# Rútuferðir

Ef lið vantar far milli keppnisstaða þá er hægt að hringja eftir rútu í síma 863 0571 og 863 0572.

Ath. að mjög stutt er að ganga á milli íþróttahússins við Sunnubraut og Reykjaneshallar.

Rútuferðir á bíósýningar eru frá keppnisstöðunum, Holtaskóla, Heiðarskóla, Akurskóla, Ásbrú og Njarðvíkurskóla. Rútuferðir verða einnig á gististaði eftir kvöldvökuna.

**Muna að koma tímanlega í rúturnar.**



**vörður**  
tryggingar hf.

**Gunnar Gísli Guðlaugsson**  
Svæðisstjóri Reykjaness, Krossmói 4 - 230  
Reykjanesbæ - Sími: 514 1120 / 825 8520 - fax  
514 1121 - gunnargg@vordur.is - www.vordur.is



## Sælkerablöndur

Kreistu **pokann** og finndu þína blöndu

**TE & KAFFI**

100% ARABICA | SLOW ROAST | veljum íslenskt | gæðakaffi frá 1984

www.teogkaffi.is

# Holl og góð næring

sem losar foreldra við umstang og áhyggjur

Hjá Skólamat er tíu ára reynsla í framleiðslu skólamáltíða í samvinnu við næringarfræðinga og skóla. Hafðu samband og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í skólamáltíðum.



# Kvöldkaffi fyrir foreldra



Á laugardagskvöldinu þegar kvöldvöku lýkur í Íþróttahúsinu á Sunnubraut og börnin eru farin í kvöldhressingu á gliststöðunum, verður öllum áhugasömum foreldrum og þjálfurum boðið að eiga notalega kvöldstund fyrir svefninn og þiggja kaffiveitingar í boði mótshaldara.

Til að fullkomna kvöldið og daginn verður fenginn skemmtilegur einstaklingur til að vera með erindi í anda mótsins. Kvöldstund fyrir foreldra fer fram í félagsheimili Keflavíkur á 2. hæð Íþróttahússins við Sunnubraut. Tímasetning er áætluð frá kl. 21:30 – 22:30.

**SJÓVÁ**



## Að efla fólk til dáða

Traust atvinna og hollar tólmstundir eru forsendur góðs mannlífs. Þátttaka í íþróttum og listum þroskar hvern einstakling, hæfileika hans og skapar honum verðug verkefni.

Á sama hátt þurfum við hjá Norðurali að skapa sterka líðsheild einstaklinga sem hafa þekkingu, færni og metnað til að ná settum markmiðum.

Þannig náum við árangri




Hagsýni - Líðsheild - Heilindi



## Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19 260 Reykjanesbæ  
Sími: 420 6600 Fax: 421 1488  
Þjónustuverkstæði sími: 420 6610

toyotareykjanesbae.is



**TOYOTA**

# Reglur mótsins

- Mótið er fyrir stúlkur og drengi fædd árið 2000 og síðar.
- Hver leikur er 2 x 12 mínútur.
- Mikilvægt er að allir leikmenn fái tækifæri til að spila.
- Það má skipta inná hvenær sem er á leiktímanum.
- Reglur fyrir minnibolta eru notaðar á vellinum.
- Stigin eru ekki talin – allir vinna.
- Liðin verða að muna eftir að bakka yfir miðlínu í vörn.
- Ef varnarmaður brýtur á skotmanni fær hitt liðið eitt vítaskot.
- Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Börn eða unglingar mega ekki vera liðstjórar.

*Munið að hlusta og fara eftir því sem liðstjórinn segir.  
Munið að hvatningin er kraftmeiri en nokkuð annað.*



**ÞÚ ERT STJARNNA Á  
DRAUMALÍDID.IS**



**FLOTTUSTU  
KÖRFUBOLTAMYNDIRNAR**

## Góða skemmtun á mótinu og gangi ykkur vel

Við hjá TM óskum öllum þátttakendum Nettómótsins góðs gengis og umfram allt góðrar skemmtunar!

Munið æfingin skapar meistarann!

TM Reykjanesbæ // Hafnargötu 31 // Sími 515 2620



# Innleikjagarðurinn Ásbrú

Er skemmtilegt vetrarleiksvæði fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára enda alltaf gott veður í garðinum.

Opnunartími Innleikjagarðsins er frá kl. 14:30 - 16:30 um helgar og þriðjudaga - föstudaga frá kl. 15:00 - 18:00. Hægt er að leigja innleikjagarðinn fyrir t.d. afmæli utan opnunartíma.

Allar nánari upplýsingar varðandi pantanir gefur Hafþór Birgisson tómstundafulltrúi í síma 898 1394.

Innleikjagarðurinn á Ásbrú er staðsettur að Keilisbraut 778, fyrir aftan Listasmiðjuna og 100 metra frá Langbest.

**Lau. 3. mars opið frá kl. 12.30-17.30**

**Sun. 4. mars opið frá kl. 14.30-16.30**



## Hafðu bankann með þér


Með „appinu“ okkar getur þú tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann og nálgast margvíslega þjónustu.

- Millifærslur
- Ógreiddir reikningar
- Yfirlit og staða kreditkorta
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Samband við þjónustuver
- Staðsetning útibúa og hraðbanka

Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 10. MARS

Í dag er fimmtudagur 10. mars, 69. dagur ársins 2011

Orð dagsins: Andinn opinberast í sérhverjum til þess, sem gagnlegt er. (1.Kor. 12, 7)



## Víkverjiskrifar

Um 1200 börn munu hafa tekið þátt í Nettómótinu í körfubolta, sem haldið var í Reykjanesbæ um helgina og er það mesta þátttaka frá því þetta mót var haldið fyrst fyrir 21 ári. Víkverji hefur verið fastagestur á mótinu undanfarin ár og getur ekki annað en hrósað aðstandendum mótsins hjá Njarðvík og Keflavík fyrir umgjörðina. Það er lítil ást á milli þessara liða inni á vellinum, en þau kunna greinilega að taka höndum saman.

x x x

Á þessu móti keppa yngstu þátttakendurnir í körfubolta og það getur verið hin mesta skemmtun að fylgjast með þeim. Sumir þátttakendur geta gert ótrúlegustu hluti við boltann þótt ungir séu og aðrir eru komnir með leikskilning, sem sumir öðlast aldrei þótt þeir þráist við alla ævi, en allir eiga það sameiginlegt að leggja sig alla fram. Víkverji hefur orðið vitni að því á þessu móti hvernig hópur ósamstæðra einstaklinga varð að liðsheild á einum degi.

x x x

Það hefur oft staðið ungmennastarfi í hópsíróttum fyrir þrifum hversu snemma er byrjað að draga keppendur í dilka í hinni þrotlausu sókn eftir titlum. Markmiðið með íróttastarfi er að fá börn til að hreyfa sig og mun ekki veita af þessa dagana. Áherslan á árangur getur hins vegar þýtt að þau börn, sem kannski helst þyrftu á hreyfingunni að halda, hrökklást í burtu. Í körfuboltanum eru stigin ekki talin á mótum fyrstu árin. Þessi regla er í fullu gildi á Nettómótinu. Það eru því allir sigurveggar. Í framhaldi af þessu er síðan ástæða til að hrósa þeirri reglu, sem gildir á Íslandsmótum í körfubolta fyrstu árin að lið fái aukastig fyrir að láta að minnsta kosti tíu leikmenn spila minnst einn leikhuta. Í raun ætti svona regla að vera óþörf því að hverjum þjálfara ætti að vera ljóst að til lengri tíma er best að vera með stóran hóp reyndra leikmanna, en það vill augljóslega gleymast í hita leiksins.

[vikverji@mbl.is](mailto:vikverji@mbl.is)



NOI SIRIUS



VILDARKLÚBBUR EYMUÐSSON

# ERT ÞÚ Í VILDARKLÚBBNUM?

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

\* Engar stjörnumerktar vörur eða punktastöfnun

Sérstök vildarverð á völdum vörum. Taktu eftir merkinu!



Þú getur skráð þig í næstu heimsókn í Eymundsson. Það tekur aðeins augnablik og þú færð afsláttinn um leið.

Eymundsson

Bóksali frá 1872



NETTÓ MÓTIÐ  
REYKJANESBÆ  
3.- 4.MARS  
2012

SPALDING

nettó

nettó

Kræsingar & kostakjör